

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna), 138. löggjafarþing, þskj. 694 - 386. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði þremur nýjum málsgreinum við 113. gr. laga um tekjuskatt. Helstu efnisatriði málsgreinanna eru að heimilt verði að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laganna beinist að, til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar, ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Lagt er til að tollstjóri annist rekstur þessara mála. Athugasemdir laganefndar LMFÍ við frumvarpið eru eftirfarandi:

Við lagasetningu eins og hér er lögð til vegast á mismunandi sjónarmið. Annars vegar eru sjónarmið í þá átt að fyrirbyggja verði aðilar, sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, geti komið eignum sínum undan fullnustu skattkrafna, fésekta og sakarkostnaðar. Þessum sjónarmiðum er haldið hátt á lofti um þessar mundir. Hins vegar eru sjónarmið um réttaröryggi borgara í samskiptum við stjórnvöld. Það er grundvallarregla í réttarríki að hver sá, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, telst saklaus uns sekt hans er sönnuð fyrir dómstóli. Þá felur kyrrsetning í sér alvarlega skerðingu á eignarrétti og þarf því að gæta meðalhófs.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að ákvæðið taki mið af 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, þar sem lögreglu er fengin heimild til kyrrsetningar eigna. Að áliti laganefndar styðst frumvarpið við lögmætt markmið. Efni þess á að hluta samsvörun í 88. gr. laga nr. 88/2008 (sakamálalaga), en að öðru leyti ekki. Laganefnd telur að með einföldum hætti megi bæta réttaröryggi gerðarþola.

Í fyrsta lagi er ekki kveðið á um rétt gerðarþola til að bera lögmæti kyrrsetningar undir dómstóla og eftir hverjum réttarfarsreglum. Kyrrsetning, sem fram fer samkvæmt 88. gr. sakamálalaga, telst til rannsóknaraðgerða lögreglu og er unnt að bera ágreining um lögmæti þeirra undir héraðsdóm, samkvæmt sérreglum laganna (sjá dóm Hæstaréttar í máli nr. 73/2010). Hér er hins vegar lagt til að ákvæðum um kyrrsetningu verði bætt við 113. gr. laga um tekjuskatt, sem er í kafla laganna er ber heitið „Innheimta og ábyrgð“. Laganefnd telur að úr þessu megi bæta, t.d. með viðbótarmálsgrein sem gæti hljóðað svo:

Ágreining um lögmati kyrrsetningar samkvæmt þessari grein má leggja fyrir héraðsdóm samkvæmt XV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í öðru lagi vekur laganefnd athygli að í athugasemdum með frumvarpinu eru færð þau rök fyrir frumvarpinu að rannsóknartími í skattamálum sé langur. Hér að framan er vikið að því að kyrrsetning eigna feli í sér alvarlega skerðingu á eignarrétti. Laganefnd telur brýnt að þess háttar skerðing standi ekki lengur en brýna nauðsyn beri til. Því sé ástæða til að bæta ákvæði í frumvarpið um að hafi kyrrsetning verið gerð skuli hraða meðferð máls eins og nokkur kostur er.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir, hrl., formaður.